

Handsprengrja í morgunsárið

~ baráttukvæði ~

Handsprengrja í morgunsárið

~ baráttukvæði ~

Ingólfur Gíslason
&
Eiríkur Örn Norðdahl



Nýhil 2007

*so you're really going to get scared
if it's not translated well, okay?*

– Oprah Winfrey

© höfundar og þýðendur og Eiríkur Örn Norðdahl
og Ingólfur Gíslason og Nýhil 2007

Bók þessa má gera allan andskotann við.

„Allar persónur bókarinnar endurspeglar raunveruleikann betur en
fyrirmyndirnar“ eða eitthvað annað þess háttar og eiríkur heimtar að
eftirfarandi texti verði einhversstaðar: Sarasvati er ljóðagyðjan sjálf!

Gyðja söngs – og skrifar, til að varðveita sönginn.

Sagan segir að hún sé afbrýðisöm út í gyðju auðs og sá sem geri sér
dælt við hana hreki Sarasvati frá sér.

Sarasvati er gyðjan sem verður á kápunni.

Er hægt að koma nafni HauksMás að, hann gerði síðustu þýðingu
bókarinnar. Einhversstaðar í copyrightinu eða eitthvað.

„Kápa: Goddur“ eða hvað? Fær hann ekki nafnið sitt einhversstaðar?

ISBN 978-9979-9751-8-2

Handspregja í morgunsárið

eftir Radovan Karadzic

Ég bíð...
eftir dásamlegu tækifæri...
Og varpa handspregju í morgunsárið,
vopnaður hlátri
hins einmana.

*

Ég lofsyng mikilfengleika byssukúlunnar
sem hún borar sig gegnum vaxköku
heilabúsins.

*

Ég er loksins týndur,
ég ljóma eins og sígaretta
á vörum taugasjúklings:
Á meðan þeir leita að mér alls staðar
bíð ég í launsátri dögunar.

Radovan Karadzic er fæddur 1945. Hann er menntaður geðlæknir og var leiðtogi Bosníu-Serba á árunum 1992–1995. Hann er eftirlýstur fyrir stríðsglæpi og heitið er fimm milljón dollurum hverjum sem nær að klófesta hann.

Dragðu sverðið

eftir Saddam Hussein

Dragðu sverðið úr slíðrum óttalaus, án þess að hika.
Dragðu sverðið úr slíðrum fyrir augliti Satúrnusar.
Dragðu sverðið úr slíðrum, óvinurinn titrar.
Enginn getur bruggað honum launráð nema hygginn hetja.
Söðlið hestana og gefið þeim lausan tauminn.
Vonin býr í samtakamætti þeirra.
Látið eldingarnar bergmála í nótt glæringanna
svo að sannleikurinn komi í ljós og sigri óréttlætið.
Ljómið andspænis myrkrinu þegar það dýpkar.
Ljómið, hin veikburða og máttlitlu,
kveikið ljós ykkar og haldið eldinum lifandi.
Hið viðbjóðslega þý fyllist ótta.
Dragið upp sverðin og látið stirna á þau.
Það sigrar enginn nema hinn staðráðni maður.
Látið fánann blakta á hverri stöng.
Leggist á bæn, sárið mun gróa.

Saddam Hussein fæddist 1937. Hann var forseti Íraks frá 1979 til 2003. Innrásarlið Bandaríkjanna tók hann höndum 13. desember 2003 og sérstakur dómstóll dæmdi hann til hængingar 5. nóvember 2006. Refsingin kom til fullnustu 30. desember sama ár. Hann hefur áfrýjað dómnum.

Tími rúmbunnar

eftir Silvio Berlusconi

Nú er tími fyrir rúmbu
undir kóralstjörnum himnafestingarinnar.

Blævængir kæla mig ég horfi á þig.

Við förum frá öllu
frá þér

yfirgefðu sjálfa þig
yfirgefðu sjónvarpið.

Skiljum þá eftir í plágum þrungnu loftinu
og ferðumst til afskekkrar eyju...

í öðrum heimshluta.

Silvio Berlusconi er fæddur 29. september 1936. Hann var forsætisráðherra Ítalíu á árunum 2001–2006. Tímaritið Forbes taldi hann 37. auðugasta mann heims árið 2006, hann á stóran hluta fjölmíðla á Ítalíu og hefur verið forseti AC Milan síðan 1986.

Eldklerkur dögunar

eftir Ernesto Che Guevara
f. Fidel Castro

Höldum áfram,
þú eldklerkur dögunar,
niður kræklótta leynistíga
og frelsum grasi vaxinn svörðinn sem þú elskar.

Höldum á
til að hefna misgjörða
með uppreisnarstjörnur á enni,
strengjum þess heit að sigra eða deyja ella.

Þegar fyrsta skotið hvín og landið vaknar
eins og stúlka hrekkur upp af værum svefni
verðum við þér við hlið, yfirvegaðir stríðsmenn;
við verðum þar.

Þegar kröfur þínar berast út í fjóra vinda:
Landaumbætur, réttlæti, brauð og frelsi,
verðum við þar til að bergmála orð þín;
við verðum þar.

Daginn sem bestían hlýtur sitt síðusár
í frelsandi sigti okkar
verðum við með þér, hjörtun full af stolti;
við verðum þar.

Láttu þér ekki koma til hugar þeir fái okkur til að hika,
vopnaðir gjöfum og heiðursmerkjum,
við viljum ríffil, kúlur, barefli;
ekkert meir.

Og ef við föllum fyrir rífflum þeirra
beiðumst við einungis kúbanskra tára,
undinna laka fyrir stríðsmenn
sem flóð sögunnar hefur skolað burt;
ekkert meir.

Ernesto „Che“ Guevara Lynch de la Serna fæddist í Argentínu 14. júní 1928. Hann var í læknanámi þegar hann ferðaðist á mótörhjólum um Suður Ameríku árið 1951. Hann kynntist bágunum aðstæðum almennings og gerðist róttækur marxisti. Eftir að hafa tekið þátt í byltingunni á Kúbu og unnið að frekari útbreiðslu kommúnismans var hann myrtur í Bólívíu 9. október 1967.

Þér eruð Túrkménar

eftir Saparmurat Niyazov

Förum nú, ó hjarta mitt, í göngu. Látum oss skoða vort land.
Þar sem ljónin ráfa um engi, hið fagra land Túrkména.
Tíminn er kominn fyrir yður, mögru, döpru, kjörkuðu menn,
þér eruð Túrkménar og eigið hetjur eins og Jelúdín.

Veljum oss þúsund vængjuð hross
og ferðumst í bæn yfir sléttur lands og heiðar
og leitum eftir forfeðrum sem sameinast hafa landinu,
þér eruð Túrkménar og eigið 360 dýrlinga.

Gamlingjarnir eru hver og einn jafn vís og Gorkut,
mæðurnar jafn miskunnsamar og Ýunus.
Ef þér eruð einmana og andvarpið, upplifið samlíðan,
þér eruð Túrkménar og eigið engilfríðar stúlkur eins og Agáyunus.

Þér eru kjarkaðri en kjarkaðir, finnið yður bara jafningja til að kljást við.
Þér eruð meiri ljón en ljónin, finnið yður bara vígvöll sem hentar.
Leyfið rjóma yðar að sjóða upp úr, látið hann aldrei skorta,
þér eruð Túrkménar, með svartan sand, steinefnafjöld í hjartastað.

Mannkynssagan er forfeður yðar og barnabörn
og afar yðar, feður yðar, börn yðar og þjóð.
Þér smjúgið gegnum hertustu múra á hestum yðar,
þér eruð Túrkménar með sterka og fima handleggi.

Hinir ríku og göfugu eru guðlegir eins og dýrlingar.
Spjót yðar hrosshárum skrydd eru ævinlega litrík,
orð yðar finleg, ánægjuleg, og hjartað lýsir glóðum.
Þér eruð Túrkménar og brosið með andlitum og hjörtum.

Oguz er forfaðir yðar og Gorkut yðar meistari,
minni yðar er mannkynssaga sextíu alda.
Svartur sandur Garagum yðar borð og fjársjóður,
vistir yðar blessaðar, þér eruð hinir velmegandi Túrkménar.

*Saparmurat Niyazov – Túrkménbasi fæddist 19. febrúar 1940 í
Gypjak í Túrkménistan. Hann var hjóðhöfðingi Túrkménistan frá
1985 til dauðadags, 21. desember 2006.*

Þýskar stúlkur ávarpa Foringjann!

Vér erum dyr framtíðar.
Vér erum tréð sem ber ríkan ávöxt,
hann sem spírar oss, hann sem er oss heilagur,
grær að nýju, harðvítugur og tær,
enginn fær honum rænt úr véum vorum.

Vér berum innra með oss birtuna
sem þér dreifið til fólks yðar,
vér viljum gæta hennar tryggilega,
bera hana áfram tæra, óbreytta,
um líkama vora til nýs lífs.

Adolf Hitler

eftir óþekktan meðlim í Austurríkisdeild Hitlersæskunnar

Tveir menn renna í einn í þér:
Annar virðist svalur og stinnur,
einn þeirra sem ná ævinlega í mark.
Hinn er meyr og ljúfur,
gleymir aldrei sínum minnsta bróður.
Hann þolir veröldina með okkur óverðugustum.

Tvö fljót renna úr lind þinni.
Þú ert trjákvodan sem rís úr rótunum,
sæðið sem kveikir lífsneistann –
mannsandinn streymir nýr frá þér,
hann sameinaði okkur í eina þjóð
og býr innra með okkur að eilífu!

Adolf Hitler ætti ekki að þurfa að kynna fyrir lesendum, en hann fæddist 20. apríl 1889 og féll 30. apríl 1945.

Ferðalag barns sem hefur yfirgefið land helgidómanna

eftir Osama bin Laden

Pabbi, sýndu okkur leiðina.
Hvenær eignumst við heimili?
Ó pabbi, sérðu
ekki hætturnar allt um kring?
Lengi höfum við ferðast pabbi,
um eyðimerkur og byggðir.
Lengi höfum við ferðast pabbi,
um marga hallandi dali,
ég er að gleyma ættingjum mínum!
Frændum mínum og frænkum!
Hvernig má það vera að húsið okkar skyldi hverfa
okkur sjónum, sporlaust?
Hví hefur móðir mín ekki komið aftur?
Undarlegt! Hefur hún fengið ferðabakteríuna?
Og kæri bróðir minn – ég skal frelsa hann!
Tíminn líður og hann birtist ekki.
Af hverju, í okkar landi, sjáum við
ekkert nema virki og gryfjur?
Er það vegna þess að Bandaríkin hafa komið
og ráðskast með sjóði og miðla?
Kæri pabbi, ekki heimta
auðvelt líf af mannkyninu.
Eilífðin bíður okkar
ef Guð vill að við sigrum.
Segðu mér pabbi, því ég skil
þetta ekki.

Fyrirgefðu mér sonur, því ég er sem steinrunninn.
Mátturinn er horfinn.
Tregt er um tungu að hræra.
Augu mín eru óþrjótandi flæðandi lindir.
Vitund mín er víti.
Hvað get ég sagt í heimi
deilna og ófyrirleitni?
Hvað hef ég að segja heimi
sviptum öllu siðferði og sýn,
þar sem þjóðir eru keyptar og seldar
í verðbólginni spákaupmennsku?
Fyrirgefðu mér sonur, því ég sé ekkert
í landi voru nema leiðina niður.
Tug af árum höfum við eytt,
eigrað um í úrræðaleyzi.
Hvern krefurðu svara? Þjóð
sem mókir í meðvitundarleysi?
Ég hef flutt mig vestur
til landsins þar sem Níl flæðir.
Ég fílaði borgarbraginn í Khartoum,
en þar mátti ég ekki búa.
Svo ég fór austur
þar sem menn eru með geislandi augu.
Kabúl ber höfuðið hátt
þrátt fyrir harðræði og hættur.
Kabúl, með brosandí andlit

býður ferðalöngum húsaskjól.
Þar birtist Sheik Yunus.
Hann er ljón sem skelfir þegar hann öskrar
og það gerir líka hin karlmannlegi og stolti
foringi okkar, Mullah Omar.

Hví, pabbi, láta þeir rigna
eldflaugum á okkur
sem hlífa hvorki barni
né ellihrumum manni?
Pabbi, hvað hefur gerst
sem færir okkur þennan háska?
Pabbi, af hverju
eru menn eins og þú á plakötum?
Er glæpur að endurheimta gamalt hús
og ekki hægt að fyrirgefa?
Hér erum við föst í harmleik:
Við búum í öryggisleysi.
Þetta er glæpsamlegur heimur sonur,
börnum er slátrað eins og nautgripum.
Zion er að myrða bræður mína
og arabarnir halda ráðstefnu!
Þeir eru handbendi Bandaríkjana,
blindaðir og hugsjónalausir.
Ekkert nema blek á pappír. Þeir eru
lygarar og hafa aldrei komið neinu til leiðar.
Af hverju hafa þeir ekki gripið til vopna
til að verja smæstu systkini sín?
Þetta er syndsamlegt í augum Guðs
og skömm að því.
Það er verið að brugga launráð –

ætlum við svikurum að verja okkur?
Ég sver við hinn mikla Guð
að ég mun berjast gegn heiðingjunum!

Osama bin Laden er fæddur 1957. Hann er talinn einn af stofnendum Al-Qaeda samtakanna. Hann hefur lýst því yfir að múslimar eigi að drepa borgara og hermenn frá Bandaríkjunum og bandalagsþjóðum þeirra þangað til þeir láti af stuðningi við Ísrael og dragi allt herlið sitt út úr löndum íslam. Heitið er 25 milljónum dollara fyrir upplýsingar sem leitt gætu til handtöku hans.

Vín ástarinnar

eftir Ayatollah Seyyed Ruhollah Musavi Khomeini

Ég fer á veiðar á ölstofum, spyrjið mig ekki um Elskuna.
Ég er þögull og biðjið ekki hinn þögla og annars hugar um
ræður.

Ég á nóg með eigin blindu og siðleysi
og biðjið ekki hinn blinda um sýn eða sjónir.

Máttlaus augu þín gera mig magnþrota, ekki biðja um neitt
frá svo slegnum manni nema óráðshjal.

Ekki vera í slagtogi við ráfandi trúmenn, en ef þú gerir það,
leitaðu aldrei hjá þeim þekkingar, heimspeki, guðspeki
eða orða spámannsins.

Ég er ölvaður af ást þinni og slíka fyllibyttu
skaltu ekki biðja um skynsamleg ráð langförls manns.

*Ayatollah Seyyed Ruhollah Musavi Khomeini fæddist 17. maí 1900,
leiddi byltingu í Íran árið 1979 en lést úr krabbameini 3. júní 1989.
Eftir því sem segir í lokaritgerð Khomeinis í guðfræði þá má maður
sem á kynmök við kjúkling ekki borða hinn sama kjúkling á eftir;
hans nánasta fjölskylda má það ekki heldur og ekki nágranninn
við hliðina, en granni sem býr í þarnæsta húsi getur borðað hann
syndlaust.*

Erindi úr kvæðinu Líf

eftir Ronald Reagan

Til hvers er þetta litla líf
hve lítið þarf til að ónýta dag
við tölum um það sem barning og basl
þótt best væri að syngja – lífið er lag.

Ronald Wilson Reagan fæddist 6. febrúar 1911, var leikari og síðar forseti Bandaríkjanna á árunum 1981–1989. Bandaríska ljóðskáldið Ronald Silliman er sennilega elsti maður í heimi sem nefndur er eftir Reagan, en hann er fæddur 1946, löngu áður en Reagan varð frægur leikari. Skáldið notast við stytta útgáfu nafnsins og kallar sig Ron Silliman. Ronald Reagan lést 5. júní 2004.

Óþekktir hermenn

eftir Avraham Stern

Óþekktu hermenn, við erum ekki í einkennisbúningi
allt um kring er óttinn og mikið myrkur
við erum viðbúnir til enda lífsins
aðeins dauðinn losar okkur undan skyldu.

Frá höfum rauðra óeirða og blóðböðum
um nætur þegar sorti angistar
brennir kerti friðþægingar, reisum við merki okkar
og á því: Vörn og Landtaka.

Okkur var ekki smalað undir svipuhöggum eins og þrælum
til að úthella blóði okkar í framandi landi.
Þrá okkar: Að sjá til þess að við verðum frjálsborin að eilífu.
Draumur okkar: Að deyja fyrir þjóð okkar.

Að okkur er sótt úr öllum áttum
örlög okkar óviss
en óvinir okkar, njósningar eða hlekkir
stöðva ekki framrás okkar.

Og ef við föllum í bardaga, á strætum eða í óbyggðum
grafið okkur með hægð að nóttu;
aðrir munu koma í stað okkar
til að vernda og verja að eilífu.

Byggt úr tárur mórur vegna glataðra barna
og með óspilltu ungbarnablóði
eins og steypuhræru mótum líkin eins og múrsteina
og reisum heimili vor í okkar heimalandi.

Avraham Stern fæddist 23. desember 1907 og var meðal stofnenda hryðjuverkasamtaka zíonista sem nefndust Lehi, en voru líka oft kölluð Stern-gengið. Þessi samtök sýndu fram á að hryðjuverk geta borgað sig og haldið er upp á minningardag Sterns á hverju ári í Ísrael. Breska lögreglan í Palestínu tók hann af lífi án dóms og laga 12. febrúar 1942.

Kjarnorka

eftir Harry Barnard liðþjálf

Það var 6. ágúst, svo mikið vissum við
þegar drengirnir flugu í morgundögginni
þeir flugu að hjarta Japans
með þrumuhvelli, blindandi ljósi
og kjarnorku 509. deildar.

Úr loftinu féll leyndarmálið
og skapaði niðri leiksvið helvítis.
Aldrei áður í sögu tímans
hefur önnur eins mynd verið sýnd
eins og þrumuhvellur, blindandi ljós,
með kjarnorku 509. deildar.

Skauta jarðar á milli
frétti fólkið af krafti okkar og afli.
Með þrumuhvelli, blindandi ljósi,
með kjarnorku 509. deildar.

*Harry Barnard var liðþjálfur í bandaríska hernum og var á Timian
eyjaklasanum, þaðan sem flugvélin Enola Gay hóf sig á loft áleiðis til
Hiroshima með kjarnorkusprengru innanborðs.*

II. HLUÐI

(Róttæk þýðing heitir það þegar málspekingur reynir að þýða tungumál sem er honum gersamlega framandi, og hann neyðist því til þess að treysta eingöngu á sýnilegt atferli þess sem talar.) (Drög að íslenskun tilvitnunarinnar)

Radical translation in philosophy is the situation in which a linguist is attempting to translate a completely unknown language, which is unrelated to his own, and is therefore forced to rely solely on the observed behavior of its speakers in relation to their environment.

The term was introduced by American philosopher W. V. O. Quine.

Quine tells a story (Quine 1960) to illustrate his point, in which an explorer is trying to puzzle out the meaning of the word “gavagai”. He observes that the word is used in the presence of rabbits, but is unable to determine whether it means ‘undetached rabbit part’, or ‘fusion of all rabbits’, or ‘temporal stage of a rabbit’, or ‘the universal rabbithood’.

Besti dagur lífs míns

eftir Björn Bjarnason

Hér verða ekki rifjaðar upp magnaðar hrakspár...

ALLUR heimurinn fylgdist með því í beinni útsendingu á hnattrænu sjónvarpsstöðvunum þegar Írakar klifruðu upp á Saddam-styttuna í Bagdad síðdegis á miðvikudag.

Æstur mannfjöldinn stappaði sigri hrósandi á brotunum og hausinn var dreginn um borgarstrætin til að staðfesta fall Saddams og fólkid fékk útrás fyrir áralangt innibyrgt hatur og gremju.

Fréttamaður BBC-heimssjónvarpsins sagði þetta minna sig á fall Berlínarmúrsins uppreisnina í Prag og atburðina fyrir framan þinghúsið í Moskvu.

Táknrænir atburðir heimssöguleg þáttaskil.

Í tómarúminu hófust gripdeildir samhliða fögnuði fólksins yfir frelsun sinni.

Bæði hér og erlendis verður hlustandinn að vera vel á varðbergi svo að hann blekkist ekki af villuljósi.

Átökin við Saddam Hussein hafa náð tilgangi sínum á mun skemmri tíma en flestir ætluðu.

Engin þjóð kemst í hálfkvisti við Bandaríkjamenn.

Björn Bjarnason fæddist 1944. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1964 og lagaprófi frá Háskóla Íslands 1971. Hann var formaður Stúdentaráðs 1967–1968. Hann var útgáfustjóri Almenna bókafélagsins 1971–1974, fréttastjóri á Vísi 1974, deildarstjóri í forsætisráðuneytinu 1974–1979, blaðamaður á Morgunblaðinu 1979–1984 og aðstoðarritstjóri 1985–1991. Hann hlaut 3. sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík 1991 og settist þá á þing. Hann varð menntamálaráðherra 1995 og gegndi þeirri stöðu til 2002, þegar hann tók að sér að verða forystumaður Sjálfstæðisflokksins í baráttunni fyrir borgarstjórnarkosningar 2002. Hann varð dómsmálaráðherra 2003, eftir að Davíð Oddsson myndaði í þriðja skipti ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Þjónn, það er hakakross á nasistafánanum mínum

eftir Jón Magnússon

Væri það eftirsóknarvert að hingað flyttust 50 þúsund Norðmenn, 100 þúsund Svía og 60 þúsund Danir?

Sem dæmi þá er mér afar vel við Dani, Svía og Norðmenn.

Enginn má skilja orð mín svo að ég sé á móti Pólverjum eða öðru kristnu fólki úr okkar heimshluta.

Kerfið ræður greinilega ekki við 50 þúsund Norðmenn, 100 þúsund Svía og 60 þúsund Dani.

Mér er afar vel við 50 þúsund Norðmenn, 100 þúsund Svía og 60 þúsund Dani.

Ég staldraði við þessar fréttir um 50 þúsund Norðmenn, 100 þúsund Svía og 60 þúsund Dani.

Það er hættulegt ef fólk talar sífelld um hluti sem skipta litlu máli en lætur stóru málin, framtíðarmálin, framhjá sér fara eins og þau væru ekki til.

Það er hættulegt ef fólk talar sífelld um 50 þúsund Norðmenn, 100 þúsund Svía og 60 þúsund Dani.

Sem dæmi.

Svisslendingar hafa grónustu lýðræðishefð í heimi.

Er það ábyrg afstaða?

Við viljum ekki missa algjörlega stjórn á 3% kjósenda í Sviss.

Ef til vill má ekki segja þetta.

Ef til vill er pólitískur rétttrúnaður allsráðandi og hvert frávík frá honum fordæmt.

Ef til vill fordæmt.

Sættum við okkur við það, er okkur sama um að fimmti hver Íslendingur hafi sín eigin lög og virði ekki lágmarksmannréttindi og misbjóði konum?

Hvað með 50 þúsund Norðmenn, 100 þúsund Svía og 60 þúsund Dani?

Fyrir Ísland og Íslendinga.

Yfirvöld henda engar reiður á því hvað margir útlendingar hafa sest hér að.

Væri ég atvinnulítill Pólverji mundi ég ekki hugsa mig tvisvar um og flytja til Íslands. Finnst okkur það eftirsóknarvert?

Yfirvöld henda engar reiður á því hvað margir 50 þúsund Norðmenn, 100 þúsund Svíar og 60 þúsund Danir hafa sest hér að.

Venjulegum Svisslendingum ofbýður.

Það hefur ekkert með virðingarleysi fyrir öðrum þjóðum eða kynþáttafordóma að gera.

Við viljum ekki missa algjörlega stjórn á þróuninni.

Við Íslendingar höfum verið heppnir.

Við Íslendingar höfum verið harðduglegt fólk.

50 þúsund Norðmenn, 100 þúsund Svíar og 60 þúsund Danir, 3% kjósenda í Sviss, fimmti hver Íslendingur og 80 þúsund nýbúar eru harðduglegt fólk.

Við Íslendingar höfum verið 50 þúsund Norðmenn, 100 þúsund Svíar og 60 þúsund Danir.

Harðduglegt fólk.

Magnús Þór Hafsteinsson varaði við afleiðingum af þessu ábyrgðarleysi.

Sandkorn í þjóðahafinu fyrir Íslendinga, 3% kjósenda í Sviss.

Ég vil ekki fá til Íslands hópa sem eru til vandræða allsstaðar í Evrópu.

Við viljum hafa okkar velferðarsamfélag fyrir harðduglegt fólk.

Venjulegum Svisslendingum ofbýður!

Mesta ógn sem sjálfstæð íslensk þjóð og íslensk menning hefur nokkru sinni staðið frammi fyrir er núna.

Jón Magnússon er fæddur 23. mars 1946. Hann talar ensku, dönsku, norsku og sænsku. Sérsvið hans eru almenn lögfræðiþjónusta, kaup og sala fasteigna, gallar og aðrar vanefndir, neytendavernd, samningaréttur/samningagerð, samkeppnisréttur, Evrópuréttur, verjendastörf, skaðabótaréttur/slysamál og réttargæsla brotaþola.

Jöfnuður er góður en verðum ga ga ef við gáum ekki að okkur

eftir Egil Helgason

Það er staðreynd að sumir geta ekki lært
að koma því til leiðar að karlmaður
geti karli barn
eða kona konu

(ef einhver vill gera það með manni).

Stjórnámálamenn, til dæmis,
vilja frekar horfa á karla,
það má ímynda sér að sósíalísmínn
hafi smyglað þessu ínn um bakdyrnar.

Á móti þykir flestum skemmtílegra
að sjá konur
iðka fimleika.

Þetta er ósköp sívílíserað
og samt þykir flestum skemmtílegra að sjá
fólki sem á penínga bannað að nota þá
til að kaupa fáránlegar myndir.

Ný-darwinistar eru í óðaönn
að samþykkja mannréttindaskrár
að marxískum sið
til að stjórna öllu
(í veröldinni).

Nú dugir varla neitt
nema kommúnistabylting.

*Egill Helgason er fæddur 9. nóvember 1959. Lífstala Egils er 8.
Eiginleikar sem tengjast þessari tölu eru framkvæmdir, félagsleg staða,
valdasókn og efnisleg markmið – hættir til að vera miskunnarlaus
(DV, 20. mars 2006).*

Ekkert áhyggjuefni

eftir Hannes H. Gissurarson

Tekjuskattar á fyrirtæki
og einstaklinga
og erfðaskattur

hafa verið lækkaðir

og eignaskattur
felldur niður:

atvinnulífið
hefur blómgast
dafnað
greitt hærri laun
skilað meiri tekjum.

Allir hafa notið góðs af.

Ég get sofið á næturnar, þótt öðrum gangi vel.

Hannes er fæddur 1953. Bent er á fyrsta bindi ævisögu Hannesar, Hannes, eftir Óttar M. Norðfjörð fyrir þá sem vilja kynna sér feril Hannesar.

Lowest energy prices

eftir Davíð Oddson

Gleðigjöf,
þá guð oss færði,
mannkyn allt það endurnærði.

Lífsins vonin, litla barnið,
ljósið kveikti og okkur fól.
Ljósið það við köllum jól.

Lifi ljósið
ljósið skæra.
Lífsins vonin, ástin kæra.

Lifi ljósið
loginn skæri,
lífsins kraftur, neistinn tæri.

Birtu ber það,
börnum er það
sigursól.

Sól,
sem dimmu í dagsljós breytir,
drottins sonur ljósið heitir.

Með honum syngjum, heims um bál,
klasasprengrur
bráðið ál.

Davíð Oddsson, fyrrverandi borgarstjóri og forsætisráðherra og núverandi Seðlabankastjóri, er fæddur 17. janúar 1948, kl. 2.30 að nóttu í Reykjavík. Upphaflega orti hann ljóðið í Hallgrímskirkju 29. nóvember 1998 innblásinn af heilögum anda. Þýðingin er gerð síðar og er tileinkuð minningu 655.000 fórnarlamba.

Fram til Draumalandsins!

eftir Jón Sigurðsson

Höfundur vill hjálpa lesanda að sigrast á ótta við bókina Draumalandið eftir Andra Snæ Magnason.

Þetta er skemmtileg og vel skrifuð bók með þeim geðþekka og aðlaðandi blæ sem einkennir önnur verk höfundarins.

En hún er tímabær og skemmtileg og margt í henni er heillandi og aðlaðandi eins og annað sem þessi höfundur hefur látið frá sér fara.

Meginstef bókarinnar eru hrífandi:
Tímabær boðskapur
tæknihyggju og efnishyggju
og möguleika:

Aðeins örfáir vilja hamast!
Aðeins örfáir vilja stöðva!

Höfundurinn skautar eins og ekkert sé,
en inn í þetta blandast heitar tilfinningar:

Meginstefna Íslendinga miðar að því
að vefengja ráðandi viðhorf
og margskonar sárindi!

Röklegt rökfærslum rökvíslega
rökvíslega Röklegu röksemdafærslan
röksemdafærslunni.

Þroska hér þekkingarsamfélag
innan heildstæðrar rammaáætlunar.

Margt hefur verið talað og skrifað
um nýsköpunarmátt og tæknihyggju.

Þessi tenging, á 151. bls., er mjög mikilvæg fyrir allan
málflutning höfundarins í bókinni.

Umfjöllun hvílir á þeim grunni að
þessi tenging sé ótvíræð og réttmæt.

Þessi tenging er gerð með mjög hugvitsamlegum hætti
í lesmálinu.

Þessi stefnumið bókarinnar eru nefnilega ekki nauðsynleg
eða ótvíræð málefnaleg ályktun
og ekki talin laus við áróður.

Tengingin er þess vegna ekki sannfærandi.
Tengslin standast því ekki.

Bókinni lýkur með myndinni léttúð á 259. bls., –
en það ristir ekki dýpra,
heldur er þetta aðeins myndni
og léttúð
og skaðar málstaðinn.

Jón Sigurðsson er fæddur 23. ágúst 1946. Hann er formaður Framsóknarflokksins. Jón er Ljón með Tungl (tilfinningar) í Krabba og Venus (samskipti) og Mars (framkvæmdir) í Vog. Styrkur Jóns liggur því í einbeitri og djúpri hugsun, þó segja megi að vissrar tilhneigingar til stífni eða formfestu gæti einnig á því sviði. Jón hefur ekki kjörþokka, en hann hefur gravitas. Jón er sjarmerandi í návígi og á ágætt með að vinna með öðrum. Að mörgu leyti er Jón Sigurðsson áhugaverður persónuleiki. Hann er nefndur eftir frægum dægurlagasöngvara og er með doktorspróf frá Brjefaskóla SÍS.

Ísland er nú herlaust land (hugsun til enda)

eftir Valgerði Sverrisdóttur

Ég vil undirstrika að hér er ekki um að ræða
viðleitni
til að sofna á verðinum.

Ég get ekki hugsað
þá hugsun
til enda.

Slíkt samræmist ekki grunngildum íslensku þjóðarinnar.
Varnartækni íslensku þjóðarinnar.
Brotthvarfi íslensku þjóðarinnar.

Við megum aldrei sofna á verðinum.

Við megum aldrei fá aðrar þjóðir til þess að sinna
hlutverki varnarliðs Bandaríkjanna.

Ég get ekki hugsað
þá hugsun
til enda.

Ríki sem tryggja órofin landamæri stofna sjálfstæði sínu í
voða.

Við Íslendingar metum
sjálfstæði okkar
og fullveldi
mikils.

Sagan geymir mýmörg dæmi um ill örlög varnarlausra
þjóða.

Ég get ekki hugsað
þá hugsun
til enda

að samráði hryðjuverkavarna Atlantshafsbandalagsins
verði sinnt með öðrum úrræðum en innlendum vígbúnaði.

Ég get ekki hugsað
þá hugsun
til enda að

íslenskar mæður
og íslenskir fedur,
við Íslendingar,

gætum staðið
frammi fyrir því að senda
syni
eða dætur
í stríð.

Á friðartímum.

*Valgerður Sverrisdóttir fæddist á Lómatjörn í Grytubakkahreppi 23.
mars 1950. Hún varð utanríkisráðherra árið 2006, en var drekkt í
áramótaskaupi RÚV síðar sama ár. Blóm og kransar afþakkaðir.*

Þegar ballið er búið

eftir Geir H. Haarde

I

Mannauður kvenna er jafn verðmætur
mannauði karla.

Mannauðurinn er dýrmætasta auðlindin.

II

Maður getur ekki alltaf farið
með sætustu stelpuna heim
af ballinu

en stundum

kannski
eitthvað

sem gerir sama gagn.

Það á að vera hluti af orðspori og ímynd Íslands.

Uppganga sólar,
lok hins lengsta skammdegis.

III

Pólítískar skoðanir fara ekki eftir kynhneigð fólks.

Og kynhneigð fólks fer ekki eftir pólítískum skoðunum.

IV

Konur eru í meirihluta þeirra
sem hefðu orðið óléttar hvort eð er.

Það má hins vegar alltaf gera betur
og við þurfum stöðugt að stefna að því.

Jafnrétti karla og kvenna
í raun og verki
á enn nokkuð í land.

Viðhorfin hafa þó
– sem betur fer –
breyst

og hin lagalega umgjörð er orðin traust.

Enn eimir eftir af
gömlum og venjuföstum
hugsunarhætti

sem við þurfum að losa okkur við.

Fjöldi barna

með víðsýni að leiðarljósi
er ekki mikill.

Möguleikar til ættleiðingar barna

verða þó ekki að fullu virkir fyrr en
konur eru orðnar óléttar hvort eð er.

En það getur líka þurft kjark

til að standa með sjálfum sér
og leita hamingjunnar á eigin forsendum.

Geir H. Haarde er norskur stjórnmalamaður sem á undanförunum árum hefur brotist til metorða í íslenskum stjórnmalum. Nýlega var hann ráðinn í embætti forsætisráðherra Íslands, í gegnum klikuskap.

Sérálit 6. júní 2003

eftir Halldór Ásgrímsson

Það voru gereyðingarvopn í Írak.

Við höfum oft á tíðum
sýnt Bandaríkjamönnum
gagnkvæman skilning
og það er eitthvað
sem við sjáum
ekki eftir.

Það voru gereyðingarvopn í Írak.

Olían í Mið-Austurlöndum
knýr áfram efnahagsstarfsemi
í heiminum öllum.
Olían í Írak
skiptir þar
ekki eingöngu
sköpum.

Það voru gereyðingarvopn í Írak.

Þau hafa ekki fundist
en það hafa heldur ekki fundist
neinar sannanir fyrir því
að þeim hafi verið eytt.

Aðalatriðið er það
að mikilvægt var
að rjúfa það ástand
sem var í Írak.

Bandaríkjamenn hafa ekki verið
sérstaklega háðir
olíu í Írak,
hins vegar er allur hinn vestræni
heimur
háðurolíu
frá Mið-Austurlöndum.

Ég tel enga ástæðu til þess
að blanda þessum
málum saman.

Það voru geryðingarvopn í Írak.
Annað hvort hefur þeim verið eytt
eða þau hafa ekki fundist.
Ég ætla ekki að spá neinu um það
hvernig það er.

Ísland tók ákveðna afstöðu
í þessu máli.

Það voru geryðingarvopn í Írak.

Að öðru leyti
tókum við ekki
afstöðu
til málsins.

Halldór Ásgrímsson er fæddur á Vopnafirði 8. september 1947. Hann er löggiltur endurskoðandi, og var þaulsetinn á Alþingi.